



Fundargerð stjórnar SOS nr. 333

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Dagsetning og tími: 25. apríl kl. 13:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

1. Aðalfundur Orkugerðarinnar ehf.

Aðalfundargerð Orkugerðarinnar frá 6. mars 2025 lögð fram til kynningar.

2. Ársreikningur Orkugerðarinnar ehf. 2024

Ársreikningur Orkugerðarinnar 2024 lagður fram til kynningar.

3. Fundargerð samráðsvettvangs.

Fundargerð samráðsvettvangs frá 4. apríl 2025 lögð fram til kynningar.

4. Fjarfundur um stöðu brennslumála fyrir öll sveitarfélög á Suðurlandi

SOS mun halda fjarfund í samstarfi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um stöðu brennslumála fyrir öll sveitarfélög á Suðurlandi þann 9. maí nk. milli kl. 10:30 og 12:00 með umræðum í lokin. Formaður fer yfir stöðuna og drög að dagskrá fundarins.

Stjórn SOS samþykkir að fá Gunnar Bragason til að vinna samantekt um stöðu úrgangsmála á Suðurlandi fyrir SOS sem verður kynnt á fundinum þann 9. maí. Jafnframt er ráðgert að aðildarsveitarfélög SASS fái sent kynningarefni úr samantektinni.

Á fundinum þann 9. maí nk. er jafnframt ráðgert að fram fari kynning frá fulltrúum annars vegar Orkugerðarinnar og hins vegar Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu á núverandi starfsemi þeirra og framtíðarmöguleikum ásamt kynningu frá fulltrúa Sorpu um stöðuna á stofnun undirbúningsfélags vegna brennslu og um áform þeirra.

5. Kynning frá Pure North

Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North, kom inn á fundinn undir þessum til ásamt Berki Smára Kristinssyni, að kynna starfsemi Pure North og framtíðarmöguleika fyrirtækisins á Suðurlandi.

6. Ársreikningur Sorpsstöðvar Suðurlands 2024.

Ólafur Gestsson frá PWC kom inn á fundinn undir þessum lið til að fara yfir helstu tölur og upplýsingar í ársreikningi SOS 2024. Stjórn samþykkir og undirritar ársreikning 2024 eins og hann er lagður fram.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 14:45.